

í Berlin og fleiri. Þessum flokkum kemur ekki saman um hvernig skilja beri skoðanir Kants, en þeim kemur saman um, að nú eftir meira en hundrað ár sé hann hinn bezti leiðtogi í heimi andans og frumherji hinnar vísindalegu heimspekisstefnu nútímans.

TRÚARBRÖGÐ FRAMTÍÐARINNAR

EFTIR CHARLES. W. ELIOT

Þér hafið sem nemendur í þessum sumar-guðfræðisskóla hlýtt á fyrirlestra um hreyfingar í trúarefnum, um hinar algengu trúarlegu afturfarir, er hafa afturhvarf eða endurnýjungu í för með sér bæði utan kyrknanna og innan, um tíðar tilraunir að koma viðteknum trúarskoðunum í samræmi við nýjar stefnur í andans heimi, um hina þrotlausu baráttu á milli afturhalds og frjálslyndis í kyrkjunum og hugsjónastefna og efnistrúar í samfélaginu yfirleitt, um áhrif lýðmentunar og rannsóknar. anda nútímans á trúarskoðanirnar og kyrkjustofnanirnar, um hinar breyttu skoðanir hugsandi manna viðvíkjandi eðli heimsins og mannsins, um aukna þekkingu og áhrif hennar á trúarbrögðin og um hinar nýju guðshugmyndir. Þér hafið einnig hlýtt á fyrirlestra um sálhjúkrun, endurvakning eldgamallar tilhneigingar að blanda saman trú, og læknisfræði, og um framþróunarkenn- inguna, nútíðar vísindalega kenningu, sem á fimtíu árum hefir alvarlega breytt trúarhugmyndum og eftirvæntingum margra hugsandi manna. Þér hafið einnig heyrt hvernig nýjar hug- myndir um lýðstjórn og félagslega framför hafa breytt og ættu

Fyrirlestur þessi var fluttur við enda hins 11 kennslutímabils sumar-guð- fræðisskóla Harvard-háskólans, 22 Júlí, 1909